



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

RANNSÓKN EINELTISMÁLA MEÐ HLIÐSJÓN AF STJÓRNSÝSLURÉTTI

Ný reglugerð um einelti – framkvæmd
í opinberum rekstri: Áhrif stjórnsýslu-
og upplýsingaréttar

Helgi Valberg Jenson, lögfræðingur hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins.

RANNSÓKN - LAGAUMGJÖRÐ

- » Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
 - Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum
- » Lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins
- » Stjórnarsýslulög nr. 37/1993
- » Upplýsingalög nr. 140/2014
- » Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

REGLUGERÐ NR. 1009/2015

- » Taka skal fram að það á alltaf að vera markmið vinnustaðar að haga málum þannig að það þurfi ekki að rannsaka eineltismál – „forvarnarstarf“
- » Hafa skýran verkferil ef upp kemur mögulegt einelti
- » Einelti
 - Háttsemin skilgreind í 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015
 - Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.
- » Rannsókn máls á að miða að því að leiða í ljós hvort framangreind háttsemi hafi átt sér stað og þá einnig alvarleika hennar

UPPHAF RANNSÓKNAR

- » Afar mikilvægt að gera sér glögga grein fyrir alvarleika málsins í upphafi
 - Atvinnurekandi metur aðstæður í samvinnu við öryggisfulltrúa og eftir atvikum utanaðkomandi aðila
 - Mat leiðir í ljós að ekki er rökstuddur grunur um einelti
 - Mat leiðir í ljós rökstuddan grun um einelti
- » Er þörf á flókinni rannsókn – MEÐALHÓF
 - Oft hægt að leysa hlutina með samtölum á frumstigum
 - Er mögulega um skoðanaágreining að ræða sem má leysa?
 - Hvers eðlis er háttsemin?
 - Eru munnlegar aðfinnslur nægjanlegar?
 - Gera minnisblað ef frumathugun leiðir framangreint í ljós



UPPHAF RANNSÓKNAR

- » Opinberir aðilar verða að rannsaka alvarlegri og flóknari mál með ákveðnum hætti
 - Sérstaklega þegar aðila greinir á um háttsemina
- » Rannsókn getur lokið með töku „stjórnvaldsákvörðunar“ gagnvart öðrum hvorum aðila máls
 - Þar af leiðandi gilda málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga
 - Tryggir rétt meints geranda og þolanda
- » Rannsókn getur líka lokið með vægari aðgerðum
 - Aðfinnslur
 - Samtöl til að leysa úr skoðanaágreiningi
- » Atvinnurekandi skal grípa til aðgerða í samræmi við skriflega áætlun sbr. reglugerð nr. 1009/2015

STJÓRNVALDSÁKVARÐANIR

- » Áminning sbr. 21. gr. starfsmannalaga
- » Breytingar á starfi sbr. 19. gr. starfsmannalaga
 - » Tímabundnar
 - » Varanlegar
- » Lausn um stundarsakir sbr. 26. gr. starfsmannalaga
- » Brottvikning úr starfi
- » Málsmeðferð verður því að haga til samræmis við stjórnarsýslurétt og þeirra laga sem setja starfsemi viðkomandi stjórnvalds ákveðnar skorður eða fyrirmæli

STJÓRNSÝSLULÖG

- » Hafa verður í huga öll ákvæði stjórnslulaga
- » Sérstaklega:
 - » Reglur um sérstakt hæfi sbr. II. hluta
 - » Leiðbeiningarskyldu
 - » Málshraða
 - » Rannsóknarreglu
 - » Jafnræðisreglu
 - » Meðalhófsreglu
 - » Andmælarétt
 - » Að upplýsa aðila máls um meðferð máls

HVER RANNSAKAR?

- » Rannsakandi verður að búa yfir nægjanlegri þekkingu og færni til að geta metið hvort að um einelti hafi verið að ræða og jafnframt að gæta þess að ákvæði þeirra laga sem gilda um viðkomandi stjórnvald er fylgt eftir
- » Meintur gerandi er starfsmaður
- » Meintur gerandi er yfirmaður
- » Meintur gerandi er forstöðumaður
- » Hver er þolandi?



AÐKOMA FAGRÁÐUNEYTIS

- » Jákvæð athafnaskylda kann að hvíla á hlutaðeigandi ráðherra til að gera nauðsynlegar ráðstafanir:
 - Ef forstöðumaður er meintur gerandi
 - Ef forstöðumaður vanrækir skyldur sínar
 - Eru verulegir samskiptaörðugleikar á milli starfsmanna sem þarf að leysa?
 - Ef forstöðumaður vanrækir skyldur sínar, þá getur það leitt til að grípa þurfi til ákveðinna úrræða gagnvart bæði stofnun og forstöðumanni
 - Forstöðumaðurinn ber ábyrgð á þeirri stofnun sem hann stýrir
- » Ef forstöðumaður er meintur gerandi getur starfsmaður ekki með raunhæfum hætti snúið sér að þeim aðila sem ætlað er að vernda hann
- » Forstöðumaður sem meintur gerandi er almennt vanhæfur til að taka málið til meðferðar



RANNSÓKN

- » Viðtöl tekin við aðila málsins og þeir upplýstir skref fyrir skref um það ferli sem sett verður af stað við rannsóknina, sem og það lagaumhverfi sem gildir um rannsóknina
 - » Gera þeir athugasemdir við upplegg rannsóknarinnar?
 - » Viðtal tekið við einn í einu
 - » Fá nákvæmar lýsingar á málsatvikum
 - » Eru vitni að einhverjum atburðum?
- » Atvinnurekanda ber að skrá niður allt sem tengist meðferð máls og halda hlutaðeigandi starfsmönnum og öryggisfulltrúa upplýstum

RANNSÓKN

- » Safna saman öllum gögnum sem málið kunna að varða svo að málið sé nægjanlega upplýst sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga
- » Taka skýrslu af vitnum
 - » Upplýsa um að aðilar máls fái aðgang að þeim upplýsingum sem koma fram sbr. andmælareglu
 - » Fara yfir vitnisburð
 - » Fá formlega staðfestingu á að rétt sé eftir haft
 - » Ekki kalla til fleiri vitni en nauðsynlegt er
- » Aðilum skal gefin kostur á andmælum
 - » Leiðir af rannsóknar- og andmælareglu 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga

RANNSÓKN

- » Gera þarf skýrslu þar sem fram kemur:
 - » Afmörkun á úttekt
 - » Lagagrundvöllur/aðferðarfræði
 - » Málsviðgerð
 - » Niðurstaða
 - » Eru einhverjar aðgerðir lagðar til?
- » Gefa aðilum færi á að koma með athugasemdir við drög að skýrslunni sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga
 - » Getur leitt til frekari rannsóknar sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga



LOK RANNSÓKNAR

- » Atvinnurekandi skal tilkynna um málalok að sinni hálfu
- » Skal veita skriflega staðfestingu á málslokum ef beiðni berst innan sex mánaða
- » Niðurstaða kynnt málsaðilum og ákvörðun um framhald
- » Rannsókn getur leitt í ljós að ekki hafi verið um einelti að ræða, en hins vegar hafi ýmsar stjórnsýsluákvæðanir gagnvart viðkomandi aðila ekki verið samkvæmt lögum
- » Þá ber að taka sérstaklega á því máli

LOKAORÐ

» Ferli í mótun?



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Takk fyrir mig!

www.fjr.is | twitter.com/MoFiceland

